

Þriðjudaginn 6. nóvember 1990.

Nr. 407/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Birni Björnssyni Blöndal.

Kærumál. Hæfi dómara. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason.

Hinn 30. október 1990 kærði ríkissaksóknari til Hæstaréttar með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála frávísunardóm, sem Sigurður Hallur Stefánsson, héraðsdómari í Keflavík, kvað upp í sakadómi kaupstaðarins 17. s.m. Gerir ríkissaksóknari þá kröfu, að dómurinn „verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað á ný til dómsmeðferðar og uppkvaðningar efnisdóms samkvæmt ákæru útgefinni 18. október 1989“.

Frá ákærða hafa borist athugasemdir, en þar er ekki tekin afstaða til þess atriðis, sem hér er til úrlausnar.

Frumrannsókn máls þessa hafði með höndum lögreglan í Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýslu, en lögreglustjóri er Jón Eysteinnsson, bæjarfógeti og sýslumaður. Málið var tekið fyrir til rannsóknar í sakadómi Keflavíkur 26. september 1989. Dómari var þá Ásgeir Eiríksson, fulltrúi bæjarfógetans. Ákærði kvaðst hafna dómsátt, en gaf skýrslu um málsatvik, eftir að hafa ráðfært sig við réttargæslumann, sem honum var skipaður í þinghaldinu. Ákæra í málinu var gefin út 18. október 1989. Var síðan haldið dómþing í sakadómi Keflavíkur 13. nóvember, þar sem ákæra var birt ákærða og málið þingfest. Ásgeir Eiríksson var einnig dómari í það sinn, og frestaði hann málinu til skipunar verjanda. Næst kom málið fyrir í sakadómi 16. nóvember, og var ákærða þá skipaður verjandi. Það þing hélt Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari, og hefur hann verið dómari málsins í þau sex skipti, sem það hefur verið tekið fyrir eftir þetta í sakadómi.

Hvað sem líður þinghöldunum 26. september og 13. nóvember 1989, verður ekki séð af gögnum málsins, að héraðsdómari, sem nú fer með mál þetta, sé til þess vanhæfur eða að ákærði hafi ástæður til að ætla, að hann verði hlutdrægur í málinu. Fer héraðs-

dómarinn með málið sjálfstætt og á eigin ábyrgð, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. Það athugast, að rétt er, að dómarinn birti ákærða ákærana að nýju og taki af honum skýrslu um málsatvik að verjanda viðstöddum.

Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð fyrrgreinds sakadómsmáls.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávisunardómur er felldur úr gildi, og er lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð málsins nr. 88.2548 í sakadómi Keflavíkur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 17. október 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 17. október, er á dómþingi sakadóms Keflavíkur, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 88.2548: Ákærvaldið gegn Birni Björnssyni Blöndal, sem var dómtekið samdægurs.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 19. október 1989, á hendur Birni Björnssyni Blöndal, Freyjuvöllum 10, Keflavík, kt. 140546-3999, „fyrir að aka fimmtudaginn 15. september 1988 bifreiðinni R-31418 suður Víknaveg í Ytri-Njarðvík með allt að 90 kílómetra hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli á móts við Grænásvegaraflaggjara“.

Telst þetta varða við 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Verjandi krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og ákærði sýknaður af kröfu um greiðslu sakarkostnaðar. Krafa um frávisun málsins byggist á því, að fulltrúi bæjarfógeta og lögreglustjóra í Keflavík hafi stýrt dómsrannsókn þann 26.9. 1989 og 13.11. 1989, og sé því ekki gætt ákvæða 36. gr. 7. tl. laga nr. 74, 1974. Meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur sé þannig ómerk. Varakrafa: Að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Þrautavarakrafa: Að refsingu ákærða verði stillt í hóf. Þá er í öllum tilfellum krafist, að dómurinn ákveði málsvarnarlaun skipaðs verjanda, sbr. 2. mgr. 87. gr. laga nr. 74, 1974. Ríkissaksóknara var samkvæmt 2. mgr. 124. gr. laga nr. 74, 1974, veittur kostur

á að tjá sig um frávisunarkröfuna. Hann lýsti því yfir með bréfi, dagsettu 11. okt. 1990, að af hálfu ákærvaldsins væri ítrekuð fyrri krafa um dómsálagningu.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík mældist hraði bifreiðarinnar R-31418 með hraðamælingum á ratsjá á vegarkafli á móts við Grænás-afleggjara á Víknavegi í Njarðvík 90 km/klst., en hámarkshraði á vegi 50 km/klst. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, mótmælti því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið á svæði með 50 km/klst. hámarkshraða, heldur hefði hann verið kominn á svæði með 60 km/klst. hámarkshraða. Kvaðst hann ekki hafa ekið hraðar en aðstæður leyfðu.

Á dómþingi 26. september 1989 var ákærða boðið að ljúka málinu með dómsátt, sem hann hafnaði. Var jafnframt tekin af honum skýrsla um málsatvik. Málið var þingfest 13. nóvember 1989. Er bókað, að hann óski, að sér verði skipaður verjandi, og feli dómaranum að ákveða, hver það verði. Tók dómariinn sér frest í því skyni til 16. nóvember, og var ákærði kvaddur til þess þinghalds. Á dómþingi þann dag var ákærði ekki mættur og enginn fyrir hann. Ákvað dómariinn að skipa Vilhjálm Þórhallsson hrl. verjanda ákærða. Þann 15. desember fór fram dómsrannsókn í málinu, og voru teknar skýrslur af lögreglumönnum. Þann 7. febrúar var Vilhjálmur Þórhallsson hrl. leystur undan vörn málsins að eindreginni ósk hans og ákærða. Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. var skipaður verjandi ákærða að ósk hans þ. 12. febrúar 1990.

Með bréfi til dómsins, dags. 14. febrúar 1990, vékst lögmaðurinn undan starfa verjanda, sbr. 2. mgr. 84. gr. laga nr. 74, 1974. Þann 27. febrúar 1990 var Svala Thorlacius hrl. skipuð verjandi ákærða að ósk hans. Lögmaðurinn tjáði sér ekki vera fært að taka við skipun þessari með bréfi, dags. 16. maí 1990. Ásgeir Jónsson hdl. var skipaður verjandi ákærða þann 29. ágúst 1990. Með bréfi verjandans, dags. 19. sept. 1990, var óskað upplýsinga og gagna varðandi ratsjá. Var upplýsingaskýrsla lögreglu lögð fram þann 24. sept. 1990.

Dómþing 26. sept. 1989 og 13. nóv. s.á. voru háð af fulltrúa bæjarfógetans í Keflavík, sem er jafnframt lögreglustjóri, og var þá lagður grundvöllur að frekari meðferð málsins.

Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 verður talið, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð málsins. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun Ásgeirs Jónssonar hdl., kr. 25.000.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Áfallinn sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun Ásgeirs Jónssonar hdl., kr. 25.000, greiðist úr ríkissjóði.
